

Mál nr. 70/2022**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Slysáttrygging launþega.****Nafn váttryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)****Skaðabótaábyrgð. Slys.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 3. mars 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 5. apríl 2022, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi þann 27. desember 2017 orðið fyrir slysi vegna starfa sinna. Slysið hafi orðið með þeim hætti að hann hafi runnið í hálku, dotti og lent mjög illa með þeim afleiðingum að varanlegur miski hafi verið metinn 5 stig með matsgerð dags. 18. mars 2021. M hafi sent V tölvupóst 4. febrúar 2021 til að kanna hvort samkomulag næðist um að láta tiltekin lækni meta afleiðingar slyssins og hafi V í kjölfarið óskað eftir ástæðu þess að M hafi ekki farið fyrir í mat sökum þess að vottorð heimilislæknis hafi legið fyrir um mitt ár 2020. V hafi svo sent tölvupóst 4. mars 2021 og hafnað bótaskyldu á þeim grundvelli að matsfundur hafi ekki farið fram innan þriggja ára frá slysdegi í samræmi við gr. 13.2.5 í skilmálum SP20. M ber fyrir sig að hvergi sé tekið fram hvaða réttaráhrif það hafi að meta örorku þremur árum eftir slysdag. Matsfundur hafi ekki getað farið fram fyrir en meðferð M hafi lokið og þessar upplýsingar hafi komið fram í læknisvottorði 15. maí 2020. V hafi ekki gert athugasemdir við þetta fyrirkomulag eða upplýst að það hygðist bera fyrir sig ákvæði skilmálanna. Einnig vísar M til 36. gr. og 36. gr. c laga nr. 7/1936, um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga, um að víkja beri til hliðar ákvæði skilmálanna þar sem ósanngjarnt væri af atvikum öllum að V bæri það fyrir sig.

Í bréfi V kemur fram að slysið hafi orðið 27. desember 2017 og það hafi verið tilkynnt V 22. mars 2018. Vottorð heimilislæknis sé dagsett 15. maí 2020 og síðan hafi borist tölvupóstur lögmanns M 4. febrúar 2021. Þá hafi V hafnað að standa sameiginlega að mati með M og vísað til skilmálanna þar sem fram komi að örorku skuli að jafnaði meta einu ári eftir slysið. Í bréfi V kemur einnig fram að það hafi aldrei verið óskað eftir framlengingu á matsfresti og það sé staðfest í dómum Hæstaréttar að ákvæði í skilmálum sem kveða á um að mat skuli fara fram á tilteknu tímabili og ekki síðar en þremur árum eftir slysdag séu hvorki óeðlileg né óvenjuleg í skilningi ákvæða 36. gr. og 36. gr. b laga nr. 7/1936. Að auki vísar V í úrskurði nefndarinnar í sambærilegum málum.

Álit.

Ágreiningur málsaðila snýst um gildissvið ákvæðis 13.2.5 í váttryggingarskilmálum V þar sem gert er ráð fyrir því að örorka sé metin innan þriggja ára frá slysdegi. Ljóst er af gögnum málsins að M gerir kröfur um greiðslu bóta vegna slyss sem átti sér stað 27. desember 2017, á grundvelli matsgerðar sem er dags. 18. mars 2021, eða rúmum fjórum árum eftir slysið. Þegar ákvæði váttryggingarskilmálanna er metið með hliðsjón af niðurstöðu Hæstaréttar í máli nr. 640/2017 verður ekki komist hjá því að líta svo á að með þeim dómi hafi rétturinn staðfest fyrri niðurstöðu sína í máli nr. 22/2004 um að einhliða samin ákvæði um matsfrest í váttryggingarskilmálum væru hvorki óeðlileg eða óvenjuleg þannig að víkja bæri þeim til hliðar á grundvelli 36., 36. gr. b eða 36. gr. c laga nr. 7/1936. Þá er ekki sýnt fram á að V hafi samþykkt að víkja frá framangreindu skilmálaákvæði og er kröfu M því samkvæmt framansögðu hafnað.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysáttryggingu launþega X hjá V

Reykjavík, 10. maí 2022.

Sóley Ragnarsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir